



Borgarráð

***Umsögn um fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um farþega fjölda milli Akranes og Reykjavíkur.***

Á fundi borgarráðs 21. febrúar sl. lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram eftirfarandi framhaldsfyrirspurn:

*„Óskað er eftir upplýsingum með fjölda farþega á milli Akranes og Reykjavíkur, sem Reykjavík tók þátt í að niðurgreiða: Er fyrirhugað framhald á umræddum samgöngum?“*

Umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar:

Samkvæmt upplýsingum frá bæjarskrifstofum Akranes var farþega fjöldi eftirfarandi:

**2017**

<b>Mánuður</b>	<b>Fjöldi</b>
Júní	549
Júlí	1.265
Ágúst	1.050
September	461
Október	269
Nóvember	58
<b>Samtals</b>	<b>3.652</b>

Ekki voru ferðir á árinu 2018 og ekki hefur verið ákveðið hvort framhald verði á umræddum samgöngum.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Samningur milli Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar og Sæferða dags. 15. júní 2017.

Grein úr Skessuhorni dags. 18. október 2017

Undirritaðir aðilar, Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, og Akraneskaupstaður, kt. 410169-4449, sem verkkaupar og Sæferðir ehf., kt. 521199-2459, Smiðjustíg 3, 340 Stykkishólmi sem rekstaraðili, gera með sér svohljóðandi

## Samningur um flóasiglingar

### 1. gr.

#### Samningsverkið

Verkefni þetta felst í beinum siglingum ferju á milli Reykjavíkur og Akraness, sjá nánar gr. 2 í útboðs- og verklýsingu og þjónustulýsingu rekstaraðila.

Verk þetta skal vinna samkvæmt eftirtöldum gögnum:

1. *Útboðs- og verklýsingur nr. 13875, Flóasiglingar*, dags. 1. mars 2017.
2. *Tilboði Sæferða ehf.*, sem inniheldur tilboðsblað og þjónustulýsingu, dags. 28. mars 2017.
3. *Tölvupóstur Sæferða ehf.* til innkaupadeildar, dags. 6. apríl 2017, varðandi staðfestingu á gildi tilboðs.
4. *Tölvupóstur innkaupadeildar til Sæferða*, dags. 6. apríl 2017, varðandi staðfestingu á gildi tilboðs.
5. *Tölvupóstur innkaupadeildar til Sæferða ehf.*, dags. 12. apríl 2017, varðandi samþykkt Innkauparáðs Reykjavíkurborgar á tilboði.

og eru nefnd gögn hluti af samningi þessum.

### 2. gr.

#### Samningstími

Rekstraraðili mun hefja siglingar milli Reykjavíkur og Akraness í júní 2017 og sigla óslitið í sex mánuði í samræmi við þjónustulýsingu rekstaraðila og gr. 1.2.1 í útboðs- og verklýsingu.

### 3. gr.

#### Greiðslur og greiðslufyrirkomulag

Reykjavíkurborg mun greiða rekstaraðila fyrir framangreint verk samkvæmt tilboði hans á **mánaðargrundvelli kr. 2.450.000,- með virðisaukaskatti**, (tvær milljónir fjögurhundruð og fimmtíu þúsund).

Akraneskaupstaður mun greiða rekstaraðila fyrir framangreint verk samkvæmt tilboði hans á **mánaðargrundvelli kr. 2.450.000,- með virðisaukaskatti**, (tvær milljónir fjögurhundruð og fimmtíu þúsund).

Rekstraraðili skal gera reikning fyrir verkið í samræmi við gr. 1.2.4 í útboðs- og verklýsingu.

### 4. gr.

#### Vanefndir og uppsögn

Rekstraraðili skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði útboðs- og samningsgagna. Vanefni hann þær, er kaupanda heimilt að fella niður greiðslur eða beita öðrum lögformlegum vanefndaúrræðum.

Verði kaupandi fyrir tjóni af völdum vanefnda seljanda er seljandi að fullu ábyrgur fyrir bótum vegna þessa samkvæmt ákvæðum laga.

Leiti seljandi nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða sé óskað gjaldþrotaskipta á búi hans eða ef gert er árangurslaust fjárnám hjá honum hvenær sem er á samningstímanum getur kaupandi án frekari fyrirvara sagt samningi upp.

Verði um ítrekaðar eða verulegar vanefndir af hálfu seljanda að ræða getur kaupandi sagt upp samningi án fyrirvara, með vísan í gr. 1.2.6 í útboðs- og verklýsingu.

**5. gr.**  
**Ýmis ákvæði.**

Samningur þessi er tvær blaðsíður og er gerður í þremur samhljóða frumritum, og heldur hver samningsaðila einu eintaki. Fylgiskjöl með samningnum, sem eru hluti hans, eru talin upp í 1. gr. samnings þessa.

Rísi mál vegna samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.


Reykjavík, 15 júní 2017

**Verkkaupar:**



  
F.h. Reykjavíkurborgar

  
F.h. Akraneskaupstaðar

**Rekstaraðili:**

  
F.h. Sæferða ehf.

**Vitundarvottar:**



# Vilja halda áfram siglingum milli Akraness og Reykjavíkur

*Sæferðir leita nú að nýrri ferju með næsta ár í huga*

Vilji er til þess að hálfu bæði Akraneskaupstaðar og Sæferða að halda áfram siglingum milli Akraness og Reykjavíkur á næsta ári. Sem kunnugt er tóku Sæferðir að sér rekstur siglinga yfir Faxaflóa eftir útboð sveitarfélaganna tveggja. Samningar gerðu ráð fyrir tilraunaverkefni til hálfars árs og að sveitarfélögin myndu tryggja allt að 30 milljónir króna samtals til stuðnings verkefnum.

## Stjórnendur sveitarfélagsins ánægðir

Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri á Akranesi, segir stjórnendur Akraneskaupstaðar ánægðir með hvernig til hefur tekist fram til þessa. „Við erum mjög ánægð hvað þetta hefur haft jákvæð áhrif og það er klár vilji hjá stjórnendum bæjarins að halda siglingum áfram,“ segir Sævar. „Bæði hafa bæjarbúar tekið þessu vel og einnig merkjum við talsvert aukinn ferðamannastraum hingað á Akranes eftir að siglingar hófust,“ segir hann. „Árangurinn hefur verið stígandi. Fyrsti mánuðurinn var rólegur, kannski vegna þess að upphaf siglinga frestaðist,“ bætir hann við. Upphaflega var áætlað að hefja siglingarnar 1. júní og gert var ráð fyrir þeirri dagsetningu í útboðsgögnum. Upphaf siglinga tafðist þó eillitíð, einkum vegna þess að erfiðlega gekk að fá ferjuna til landsins, en Sæferðir leigðu hana frá Noregi. Það var föstudaginn 15. júní að jómfrúarferð Akranesferjunnar var farin og áætlanarsiglingar hófust strax næsta mánudag, 19. júní. „Þegar verkefnið var aðeins komið af stað og farið að koma því meira á framfæri þá tók það góðan kipp. Einnig spilaði veður inn í. Júlímánuður var óvenju lélegur hvað veður snertir en ágúst góður. Við tókum eftir því að þegar veðrið var gott var ferjan mun meira nýtt bæði af ferðamönnum og Skagarmönnum sjálfum,“ segir Sævar.



Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri á Akranesi.

## Þróunarmöguleikar á borðinu

Siglingar eru enn í fullum gangi og reiknað er með því að þær standi út nóvembermánuð og eitthvað fram í desember. Þá verða liðnir sex mánuðir frá því siglingar hófust og tilraunaverkefni sem boðið var út í vor því formlega lokið. „Við munum ekki sjá endanlega niðurstöðu verkefnisins fyrr en siglingum lýkur í desember,“ segir Sævar. „Hins vegar leit bæjarstjórn alltaf svo á að þetta væri tveggja ára verkefni. Ferðajónustuaðilar í bænum hafa sömuleiðis kallað eftir því að fá að vita með vissu með góðum fyrirvara hvort tilrauninni verði haldið áfram næsta sumar. Þess vegna samþykkti bæjarráð fyrir



Ferjan Akranes siglir inn í Akraneshöfn. Sæferðir leita nú að annarri ferju til að leysa þessa af hólmi, þar sem talið er ólíklegt að hún fái varanlega fulla heimild til háhraðasiglinga við Íslandsstrendur. Ljósmynd: úr safni.

nokkru að ég fengi umboð sem bæjarstjóri til að hefja viðræður við Sæferðir um framhald verkefnisins, sem og aðra aðila sem hafa tekið þátt, eins og Reykjavíkurborg.“

Sævar segir að þessa dagana sé verið að skoða hvernig megi útfæra verkefnið til framtíðar. „Siglingamálastofnun hefur ekki gefið leyfi fyrir því að þessi ferja verði notuð áfram. Hún siglir núna á bráðabirgðaleyfi og verður þess vegna skilað eftir að tilraunaverkefninu lýkur. Stjórnendur Sæferða eru byrjaðir að leita að nýrri ferju sem ætlunin er að verði enn öflugri. Sú leit stendur yfir, ég veit að þeir hafa verið að skoða ýmislegt en ekkert sem liggur fyrir á þess-

um við tilkynnt eigendum þess að því verði skilað að þessu tímabili loknu,“ segir hann. „Þess vegna höfum við verið að kanna möguleika með önnur skip. Það er ágætis gangur í þeim málum, búið að skoða ýmislegt þó ekkert hafi verið ákveðið. En það er áhugi af okkar hálfu og sveitarfélaganna að kanna möguleika á áframhaldandi siglingum,“ bætir hann við. Gunnlaugur tekur þó skýrt fram að engar skuldbindingar hafi verið gerðar hvað það varðar.

## Horfa til sambærilegrar ferju

Þrátt fyrir að núverandi ferju verði skilað segir Gunnlaugur að forsvarsmönnum Sæferða hugnist best að finna sambærilegt fley til áframhaldandi siglinga. „Við þurfum að vera með skip sem hefur fulla heimild til siglinga án nokkurra undanþága. Að því sögðu þá erum við að leita að sambærilegu skipi. Hér á landi eru til tvíbytnur sem hafa fulla heimild en málið er hins vegar þannig að stífari reglur gilda um háhraðaferjur sem notaðar eru til áætlanasiglinga en þær eru til dæmis í útsýnissiglingum. Er það einkum hvað varðar öryggi og björgunarbúnað. Allt hvað það varðar í Akranesinu er í finu standi. Það skip er hins vegar smíðað undir öðrum kvöðum. Eftir að hafa ráðfært okkur við sérfræðinga þá varð niðurstaðan sú að afar ólíklegt er að ferjan fái varanlega fulla heimild til háhraðasiglinga,“ segir hann. „Hvað varðar stærð skipsins þá teljum við að

um 100 farþega ferja sé alveg þrýðileg stærð. Það þarf að vera gott pláss þannig að fólk líði vel. Við sáum það að þegar við sigldum í kringum Menningarnótt og Írskar daga, rétt eins og milli lands og Eyja í kringum verslunarmannahelgina, að sú stærð var bara mjög heppileg. Við erum því að leita að nýrri ferju sem er svipuð að stærð, tekur í kringum 100 farþega,“ segir Gunnlaugur.

## Gengið vel á þessu ári

Aðspurður telur Gunnlaugur að siglingarnar hafi heilt yfir gengið vel á þessu ári. „Nú er ég auðvitað ekki hlutlaus en mín skoðun er sú að staðið hafi verið að þessu af miklum myndarskap. Við hjá Sæferðum lögðum okkur fram við að vera með flott og gott skip þannig að sómi væri af þessum siglingum. Á sama tíma er komin smá reynsla og fólk búið að sjá að það hefur gengið þrýðilega, siglingarnar verið stöðugar og góðar og nánast engar frátafir,“ segir hann. „Auðvitað hefðum við viljað fá fleiri farþega. En það er reyndar alveg sama hvaða ferju er rætt um. Ég vil alltaf fá fleiri farþega,“ segir Gunnlaugur léttur í bragði. „En heilt yfir tel ég þetta hafa gengið allt í lagi. Við förum seint af stað og í ljósi alls og alls er mitt mat að þetta hafi verið ágætis tilraun. Við erum í það minnsta það ánægð að við viljum gjarnan reyna aftur. Þá horfum við til þess að geta hafist handa í vetur við kynningar og slíkt og geta hafið siglingar seinni partinn í apríl eða byrjun

maí. Með því væri hægt að fá alvöru reynslu á því hver notkunin er miðað við góðan undirbúning. Auðvitað verður það eins og með aðrar ferðir, þær lifa og deyja á þátttöku þeirra íbúa sem þurfa að sækja yfir Faxaflóann,“ segir hann. „Sökum þess hve seint var farið af stað í sumar tel ég okkur ekki geta metið nægilega vel hver sú notkun er. Þess vegna held ég að það sé rétti tíminn núna til að undirbúa áframhaldandi siglingar,“ segir Gunnlaugur Grettisson.

## Reglubreyting gæti auðveldað rekstur

Á Haustþingi Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, sem haldið var á Akranesi síðasta miðvikudag, upplýsti Jón Gunnarsson samgönguráðherra um reglugerðarbreytingar sem unnið væri að í ráðuneyti hans. Þær fela í sér að auðvelda rekstrarumhverfi þeirra sem stunda farþegasiglingar án þess að slaka á öryggiskröfum. Tekur breytingin mið af því að lögin verði samræmd þeim sem gilda um þessi sömu mál í Noregi.

Reglubreytingin hefur vitaskuld ekki enn tekið gildi og forsendur til ferjusiglinga því enn þær sömu og þegar verkefni var hleypt af stokkunum í sumar. Aðspurður telur Sævar víst að áframhaldandi siglingar milli Akraness og Reykjavíkur verði ekki farnar nema með opinberum stuðningi. „Eins og staðan er núna er þetta gert með stuðningi sveitarfélaganna. Gert var ráð fyrir allt að 15 milljóna stuðningi Akraneskaupstaðar og sambærilegum stuðningi Reykjavíkurborgar. Það liggur ekki fyrir hve mikið af þeim peningum verða notaðir til stuðnings verkefni, en það verða aldrei meira en 15 milljónir,“ segir Sævar. „Hvað varðar framhaldið þá eigum við von á sambærilegu rekstrarformi á næsta sumar. Enn liggur hins vegar ekki fyrir hve miklum stuðningi við ferjusiglingar verður gert ráð fyrir á næsta ári. Það mun skýrast við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2018,“ segir Sævar bæjarstjóri að endingu.

## Sæferðir vilja sigla áfram

Gunnlaugur Grettisson, framkvæmdastjóri Sæferða, segir stjórnendur fyrirtækisins hafa áhuga á því að halda ferjusiglingum áfram milli Akraness og Reykjavíkur. „Já, ég get með góðri samvisku sagt að sannarlega höfum við áhuga á því,“ segir Gunnlaugur. „Hins vegar erum við í þeirri stöðu núna að skipið sem við leigðum í sumarið fær ekki varanlegt leyfi til háhraðasiglinga og því höf-



Gunnlaugur Grettisson, framkvæmdastjóri Sæferða.